

Í tilefnisflokkinn ‚Áverkar og slys á skólatíma‘ eru skráð óhöpp/slys sem verða á skólatíma og rata inn á borð til SHS*. Skólastjórnendur bera ábyrgð á skráningu slysa í skólanum sínum og því ber SHS* skylda til að upplýsa þá um stærri slys sem verða í skólanum og SHS* hefur sinnt.

Nýr áverki = Ný samskipti

Alltaf á að stofna ný samskipti við nýjan áverka. Þ.e. þó nemandinn eigi skráningu á samskiptum með t.d. með hjúkrunarviðfangsefninu (HV) ‚Höfuðhögg‘ að þá ætti að stofna ný samskipti ef um nýtt höfuðhögg er að ræða en ekki skrá í framvindu á fyrri seðli.

Skráning á lýsingu í samskiptum

Í þessum tilefnisflokki er oft ástæða til að skrá lýsingu í samskiptin. Í 3 af 6 HV er þess krafist að lýsing sé skráð. Við hin 3 HV er það mat SHS* hvort nauðsynlegt sé að skrá lýsingu. Oftast við minni áverka er óþarfi að skrá lýsingu í samskiptin en við áverka sem þarf að vísa til læknis/bráðamóttöku er rétt að skrá nákvæma lýsingu á óhappinu/slysinu sem færi með barni á tilvísunarblaði.

Tegund óhapps/slyss

Þegar samskipti eru skráð í tilefnisflokkinum þarf að byrja á því að haka við tegund óhapps/slyss, þ.e. hvað olli óhappinu/slysinu. Eftirfarandi 11 þættir eru í boði til að merkja við. Ef einhverja tegund slyss vantar á listann er hægt að merkja við ‚Annað‘ og tilgreina þá tegund sem vantar.

<input type="checkbox"/> Aðskotahlutur (t.d. flís, sandur í auga)	<input type="checkbox"/> Fall/hras	<input type="checkbox"/> Skordýrabít
<input type="checkbox"/> Áverki frá öðrum ¹⁾	<input type="checkbox"/> Hlutur, t.d. nál	<input type="checkbox"/> Umferðaslys
<input type="checkbox"/> Bruni	<input type="checkbox"/> Högg af/við hlut	<input type="checkbox"/> Vélar / tæki
<input type="checkbox"/> Eitrun	<input type="checkbox"/> Klemmuslys	<input type="checkbox"/> Annað, hvað

¹⁾ Einungis ef um viljandi áverka er að ræða

Skilgreining á hjúkrunarviðfangsefnum:

Í eftirfarandi töflu er gefin stutt skilgreining við hvert HV. Einnig eru taldar upp þær HM sem eiga helst við viðkomandi hjúkrunarviðfangsefni. Sú HM sem Ískrá hakar sjálfkrafa við þegar viðkomandi HV er valið er lituð rauð. Ef sú HM á ekki við er hægt að ‚afhaka‘ hana með því að smella á hakið og haka í þá HM sem við á.

Hjúkrunarviðf. efni (HV)	Skilgreining	Hjúkrunarmeðferð (HM)
<input type="checkbox"/> Aðskotahlutur/áverki á auga	<p>a) Aðskotahlutur hefur komist í auga nemanda í skólanum. Algengustu eru t.d. sandur eða sag.</p> <p>b) Nemandi fær högg á auga í skólanum, t.d. vegna snjóbolta.</p>	<input checked="" type="checkbox"/> Skolað auga <input checked="" type="checkbox"/> Hvíld, umönnun, nærvera <input type="checkbox"/> Eftirfylgd <input type="checkbox"/> Hita/Kuldameðferð <input type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input type="checkbox"/> Tilvísun á bráðamóttöku <input type="checkbox"/> Tilvísun til augnlæknis
<input type="checkbox"/> Breyting á meðvitund*	<p>Nemandi missir meðvitund í skólanum.</p> <p>Skrá þarf lýsingu í samskiptin til að geta klárað þau.</p>	<input checked="" type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input checked="" type="checkbox"/> Skólastjórnendur upplýstir <input checked="" type="checkbox"/> Skyndihjálp <input checked="" type="checkbox"/> Tilvísun á bráðamóttöku <input type="checkbox"/> Heimferð <input type="checkbox"/> Hvíld, umönnun, nærvera <input type="checkbox"/> Mæling lífsmarka <input type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir
<input type="checkbox"/> Höfuðhögg*	<p>Nemandi fær höfuðhögg í skólanum.</p> <p>Öll stærri höfuðhögg á að upplýsa skólastjórnendur um.</p> <p>Skrá þarf lýsingu í samskiptin til að geta klárað þau.</p> <p>Höfuðhögg - Heilsuvera</p>	<input checked="" type="checkbox"/> Hita/kuldameðferð <input checked="" type="checkbox"/> Hvíld, umönnun, nærvera <input checked="" type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input checked="" type="checkbox"/> Leiðbeiningar um höfuð-áverka afhentar <input type="checkbox"/> Eftirfylgd <input type="checkbox"/> Heimferð <input type="checkbox"/> Skólastjórnendur upplýstir <input type="checkbox"/> Tilvísun á bráðamóttöku
<input type="checkbox"/> Tannáverki*	<p>Nemandi verður fyrir tannáverka í skólanum.</p> <p>Hér á einnig við högg sem kemur á munn þó ekki sé sjáanlegur skaði á tönnum.</p> <p>Hér er þörf á ýtarlegri lýsingu og einnig að upplýsa skólastjórnendur.</p> <p>Tannhjálp – Bráðamóttaka tannlækna</p>	<input checked="" type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input checked="" type="checkbox"/> Skólastjórnendur upplýstir <input checked="" type="checkbox"/> Tilvísun til tannlæknis <input type="checkbox"/> Eftirfylgd <input type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input type="checkbox"/> Skyndihjálp við tannáverka

<input type="checkbox"/> Vefjaskaði-sár	<p>Sköddun á slímhúð, húð eða undirlagi húðar í skólanum.</p> <p>Hér er átt við bæði rof á húð (sár, skurð) og einnig sköddun á húð án rofs, t.d. eftir bruna.</p>	<input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input checked="" type="checkbox"/> Sárameðferð <input type="checkbox"/> Blóðnasir stöðvaðar <input type="checkbox"/> Eftirfylgd <input type="checkbox"/> Flís fjarlægð <input type="checkbox"/> Hita/kuldameðferð <input type="checkbox"/> Hvíld, umönnun, nærvera <input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input type="checkbox"/> Saumataka <input type="checkbox"/> Skólastjórnendur upplýstir <input type="checkbox"/> Teygjubindi/hólkur <input type="checkbox"/> Tilvísun á heilsugæslustöð
<p>Verkur/ópægindi í</p> <ul style="list-style-type: none"> <input type="checkbox"/> auga <input type="checkbox"/> eyra <input type="checkbox"/> andliti <input type="checkbox"/> hálsi <input type="checkbox"/> herðum/öxlum <input type="checkbox"/> efri útlimum <input type="checkbox"/> baki <input type="checkbox"/> kvið/bringu <input type="checkbox"/> mjöðmum/nára/rassi <input type="checkbox"/> neðri útlimum <input type="checkbox"/> ökkla 	<p>Nemandi kvartar um verki eftir að hafa lent í óhappi í skólanum.</p> <p>Líkamshlutum er raðað frá toppi til táar og er skilgreint eftirfarandi. Höfuð (frá enni og niður að hnakka) Andlit (nef, kinnar, kjálkar og haka) Efri útlimir (allt frá upphandlegg til fingurgóma) Neðri útlimir (allt frá nára niður að tá NEMA ökkli. Ökklinn er sá staður í neðri útlím sem við viljum geta tekið sérstaklega út.</p> <p>Ekki er ástæða í bili að greina staðsetningu verkjanna/ópægandanna nánar en þetta.</p> <p>Ökklatognun - Heilsuvera</p>	<input checked="" type="checkbox"/> Hita/kuldameðferð <input checked="" type="checkbox"/> Ráðleggingar um meðferð og forvarnir <input type="checkbox"/> Heimferð <input type="checkbox"/> Hita/kuldameðferð <input type="checkbox"/> Hvíld, umönnun, nærvera <input type="checkbox"/> Samskipti við forráðamann <input type="checkbox"/> Strapp á fingur/tær <input type="checkbox"/> Teygjubindi/hólkur <input type="checkbox"/> Tilvísun á bráðamóttöku <input type="checkbox"/> Tilvísun á heilsugæslustöð <input type="checkbox"/> Mat á ökkla skv Ottawa jákvætt <input type="checkbox"/> Mat á ökkla skv Ottawa neikvætt
<input type="checkbox"/> Annað <input type="text"/>	<p>Möguleiki að skrá inn nýtt HV ef ekki er hægt að nota nein af ofantöldu.</p>	

*SHS = Starfsmaður í heilsuverndar skólabarna